

Föstudaginn 12. maí 1944.

Nr. 90/1943. **Magnús Guðmundsson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Guðjóni Samúelssyni (Jón Ásbjörnsson)

og

Jóni Eiríkssyni (Eggert Claessen).

Ómerking héraðsdóms. Heimvisun.

Dómur hæstaréttar.

Í greinargerð fyrir héraðsdómi, sem fram var lögð 4. febr. 1943, telur aðalstefndi í héraði, „að óheimilt hafi verið að veita stefnanda einkaleyfi á múrhúðunaraðferð þeirri, sem hann telur sig upphafsmann að, og að það fari algerlega í bága við 2. málsg. 1. gr. 4. tölulið einkaleyfislaganna nr. 12 frá 20. júní 1923.“ Umboðsmaður aðalstefnda í héraði kveðst hafa haft þessa vörn uppi við munnlegan flutning málsins þar og þá staðhæft, að skilyrði til veitingar einkaleyfis hafi m. a. vegna greinds lagaákvæðis ekki verið fyrir hendi 16. nóv. 1934, þegar sótt var um einkaleyfið. Segist greindur umboðsmaður þá sérstaklega hafa bent á, að aðferðin hafi fyrir þennan tíma verið höfð opinberlega um hönd hér á landi og með þeim hætti svo kunn orðin, að þeir menn, sem vit hafi haft á, hafi þá getað hagnýtt sér hana. Héraðsdómari hefur gengið framhjá þessari varnarástæðu án þess að dæma hana. Þessi málsmeðferð fer í báða við ákvæði 1. málsg. 193. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júlí 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., er höfðað eftir árangurslausa sáttumleitun með stefnu, útgefinni 17. nóvember 1942, af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, gegn Magnúsi Guðmundssyni skipasmið, Bárugötu 15 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 400.00 með 6% ársvöxtum frá 17. september 1942 til greiðsludags og málskostnaðar eftir framlögðum reikningi eða mati réttarins.

Þá hefur stefnandi og til vara með stefnu, útgefinni 16. marz 1943, höfðað mál gegn Jóni Eiríkssyni múrarameistara, Úrðarstig 15 hér í bænum, og gert þær kröfur, að svo framarlega sem aðalstefndur, Magnús Guðmundsson, verði sýknaður af greiðsluskyldunni, þá verði hann (varastefndur) dæmdur til greiðslu skuldarinnar, kr. 400.00, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Bæði aðalstefndur og varastefndur hafa krafizt sýknu, en varastefndur hefur og til vara krafizt frávísunar. Báðir hafa þeir mótmælt kröfunni sem of hárrí og hvor um sig krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með bréfi til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 16. nóvember 1934, sótti stefnandi um það, að honum yrði veitt einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, er hann tjáði sig hafa fundið upp, og tekur hann það jafnframt fram í bréfi sínu, að hann hafi sótt um einkaleyfi erlendis. Með bréfi þessu fylgdi lýsing á aðferðinni og einkaleyfiskrafan. Með bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til stefnanda, dags. 16. maí 1935, er honum tjáð af ráðuneytinu, að það hafi leitað umsagnar Direktoratet for Patent- og Varemærkevæsenet m. v. um beiðnina og jafnframt tekur það fram, að það sjái ekki að svo stöddu ástæðu til að veita hið umbeðna einkaleyfi.

Með bréfi stefnanda til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 15. sept. 1939, endursækir hann um einkaleyfi, dags. 16. nóv. 1934 á utanhúðun steinhúsa. Hinn 27. jan. 1940 svarar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið stefnanda og sendir honum til umsagnar bréf Múrarameistarafélags Reykjavíkur frá 11. desember 1939, en í því bréfi eru færð fram mótmæli gegn því, að stefnanda verði veitt þetta einkaleyfi. Þessu svarar stefnandi ráðuneytisins með bréfi dags. 27. maí 1940. Með bréfi ráðuneytisins til stefnanda, dags. 7. desember 1940, er honum enn sent bréf Múrarameistarafélagsins frá 3. s. m., þar sem þeir endurtaka mótmæli sín gegn einkaleyfisveitingunni. Bréfi þessu svarar stefnandi síðan 28. desember 1940, og verður eigi séð, að frekar hafi verið gert í málinu, fyrr en honum er veitt einkaleyfið af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu

þann 18. febrúar 1941. Í einkaleyfisveitingunni er það tekið fram, að uppgötvunin sé vernduð frá 16. nóvember 1934, en þá sótti stefnandi fyrst um einkaleyfi þetta.

Samkvæmt þessari einkaleyfisveitingu hefur stefnandi síðan kafið húseigendur, sem notað hafa einkaleyfisaðferð hans, um sérstakt endurgjald, sem nemur 1 kr. á hvern fermeter. Telur stefnandi, að utanhússveggir á húsi aðalstefnds séu 400 m², og telur hann því skuldina við sig nema kr. 400.00, og er það sú upphæð, sem stefnt er til greiðslu á.

Eins og mál þetta liggur hér fyrir réttinum þykir heppilegra að taka fyrst til athugunar afstöðu varastefnds til stefnukröfunnar. Hann heldur því fram, að hann hafi aðeins unnið að múrverki þessu sem múrarasveinn í þjónustu Hjálmars Jóhannssonar, sem hafi verið múrarameisterinn við byggingu þessa. Þessari staðhæfingu varastefnds hefur eigi verið hnekk á nokkurn hátt, og þar sem telja verður, að þessi afstaða hans til múrarávinnunnar geti eigi skapað honum greiðsluskyldu hinnar umstefndu upphæðar, þótt til væri, þá þykir verða þegar af þeirri ástæðu að taka aðalkröfu varastefnds til greina og sýkna hann að öllu leyti af kröfum stefnanda í máli þessu, og þykir eftir þessum úrslitum verða að dæma stefnanda til að greiða varastefndum kr. 100.00 í málskostnað.

Aðalstefndur byggir varnarástæðu sína meðal annars á því, að eigi hafi verið hægt að veita einkaleyfi þetta samkv. lögum um einkaleyfi frá 12. júní 1923, 1. gr. 2. mgr. 4. lið. Hefur hann haldið því fram, að samkvæmt bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til stefnanda frá 16. maí 1935 hafi honum verið synjað um einkaleyfi fyrir múrhúðun þessari, er hann hafi upphaflega sótt um með bréfi til ráðuneytisins, dagsettu 16. nóvember 1934, þar sem lengri tími en 12 vikur hafi liðið frá því að stefnandi tók á móti synjunarbréfinu og þar til stefnandi endursótti um einkaleyfið, en það hafi eigi verið gert fyrr en með bréfi hans til ráðuneytisins, dags. 15. september 1939. Aðalstefndur heldur því fram, að auk þess sem húðunaraðferð þessi sé einföld, þá hafi hún verið orðin alkunn hér á landi, áður en stefnanda var veitt einkaleyfið og áður en hann endursótti um það 1939. Auk þess hafi Guðmundur í Miðdal skrifað grein í Eimreiðinni og í Nýju-Dagblaði 1926—28 um notkun kvarts til utanhússpússningar, og hefur Guðmundur í rétti viðurkennt þetta og minnti hann, að greinin hefði verið skrifuð í sambandi við háborgina. — Þá telur hann, að Kornelíus Sigmundsson múrarameisteri hafi einnig fyrrritað grein um sama efni í Eimreiðina. Þá megi og benda á vottorð Sveinbjarnar Jónssonar byggingarmeistara, sem hafi notað í „pússningu“ íslensk steinkorn og sement með svipaðri aðferð og hér sé notuð. Aðalstefndur fullyrðir, að stefnandi hafi og af ann-

arri ástæðu ekki getað talizt upphafsmaður að þessari uppfinndingu, þar sem að það hafi verið þrír starfsmenn Korneliusar Sigmundssonar, sem hafi prófað sig áfram í þessu starfi og hafi þeir miklu frekar getað talizt upphafsmenn að þessari aðferð. Einnig hefur aðalstefndur haldið því fram, að þótt hér væri um löglegt einkaleyfi að ræða, og gjald bæri að greiða fyrir notkun þeirrar aðferðar, er það nær til, þá sé gjaldið ekki ákveðið samkvæmt 8. og 9. gr. einkaleyfislaganna, og mótmælir hann af þeim ástæðum kröfunni sem of hárrí. Loks telur aðalstefndur, að greiðsluskyldan, þótt til væri, hvíli ekki á sér, heldur múrara þeim, er verkið hefur unnið, þar sem hann hafi fengið fullgildan múrara til þess að standa fyrir allri múrvinnu við húsið og greitt fullt fagkaup, enda hafi hann ekki lagt fyrir múraranum að nota einkaleyfisaðferð stefnanda, heldur aðeins óskað eftir, að húsið yrði steinað að utan.

Stefnandi fullyrðir, að sú aðferð, sem hann hafi fengið einkaleyfi fyrir, sé í fullu samræmi við einkaleyfislögin. Hún hafi verið óþekkt hér, þegar Þjóðleikhúsið var byggt, en þá hafi hann hafið tilraunir til utanhússhúðunar þess með íslenskum steintegundum og hafi hann prófað sig áfram smátt og smátt með aðstoð byggingarmeistarans, Korneliusar Sigmundssonar, sem sá um verkið, og lét menn sína, 1 svein og 2 lærlinga, vinna að því, og hafi honum loks tekizt að finna þá aðferð, sem hann síðan hafi fengið einkarétt á. Hann neitar því með öllu, að atvinnumálaráðuneytið hafi nokkru sinni synjað umsókn sinni, og hefur hann lagt áherzlu á orðalag þess, sem fram kemur í svari ráðuneytisins 16. maí 1935, þar sem segir, að ráðuneytið sér ekki að „svo stöddu“ ástæðu til að veita hið umbeðna einkaleyfi. Telur hann því, að dráttur sá, sem orðið hafi á einkaleyfisveitingunni, sé eigi sín sök, heldur annarra, og geti hann ekki borið ábyrgð á því, enda sýni einkaleyfisbréfið það, þar sem uppgötvunin sé vernduð frá 16. nóvember 1934, þegar hann sótti fyrst um einkaleyfið og þar sem eigi hafi verið höfðað sérstakt mál til riftunar einkaleyfinu eða það fengið ógilt með dómi, þá verði þessu eigi komið að sem vörn í þessu máli, þar sem eigi heldur hafi verið gagnstefnt í því. Þá hefur hann með öllu neitað því, að þessi aðferð hafi verið notuð, áður en hann fann hana upp, og að bæði greinar þær, sem ritaðar hafa verið, svo og vottorð Sveinbjarnar Jónssonar, sem hann hefur mótmælt, haggi eigi í neinu þeirri fullyrðingu sinni. Einnig telur hann, að eigi geti til mála komið, að menn, er aðeins störfuðu eftir fyrirskipun annarra, geti talizt hafa fundið aðferðina upp. Loks heldur stefnandi því fram, að hann geti sjálfur ráðið kröfuupphæðinni, því aðalatriðið sé einkaleyfið og gjald fyrir það. En auk þess mótmælir hann lækkun kröfuupphæðarinnar á þeim grundvelli, að lækkunarkrafan sé of seint fram komin, þar sem

hún komi fyrst fram undir munnlegum flutningi málsins, en hafi ekki verið hreyft í greinargerð.

Þá hefur stefnandi haldið því fram, að aðalstefndum beri að greiða upphæðina, þar sem hann hafi notið verksins og eigi verði séð, að verksali hafi tekið á sig sérstaka skuldbindingu í því efni, enda hafi verkið verið unnið í tímavinnu. Hafi verksali hins vegar farið út fyrir umboð sitt með því að múrhuða húsið að utan, eins og gert var, þá væri það mál á milli verktaka og verk-sala, en skipti ekki máli um rétt sinn til þess að krefjast greiðslunnar úr hendi aðalstefnds.

Það verður eigi séð af því, sem fram er komið í máli þessu, að aðferð sú, er notuð var við húðun útvegga þjódleikhússins, hafi verið kunn fyrr. Ritgerðir þær, er getið var undir rekstri málsins, hafa eigi verið lagðar fram í málinu, en hér fyrir rétti mætti sem vitni Guðmundur Einarsson í Miðdal og lýsir því aðeins yfir í framburði sínum, að hann hafi skrifað umræddar greinar til þess að benda á, að kvarts mætti nota í sambandi við húðun utanhúss, en telur, að fyrstu tilraunirnar með íslenzkar steintegundir hafi verið gerðar á Þjódleikhúsinu. Þá er fram komið í málinu, að sá, sem gerði eða lét starfsmenn sína gera þessar tilraunir, var hinn greinarhöfundurinn, Kornelius Sigmundsson múrarameistari, undir umsjón stefnanda. Af vottorði Sveinbjarnar Jónssonar byggingarmeistara verður ekki heldur fullyrt, að aðferð hans við húðun hafi verið hin sama og stefnandi fékk einkaleyfi fyrir. Það verður því að telja, að þessi aðferð stefnanda við utanhúshúðun hafi eigi verið alkunn hér, þegar hann hóf tilraunir sínar við þjódleikhúsið. Þótt aðrir menn en stefnandi hafi unnið að þessum tilraunum, þá er þó fram komið, að þeir hafi unnið starfið eftir fyrirsögn múrarameistarans, sem sjálfur hefur borið hér fyrir rétti, að hann hafi látið framkvæma tilraunirnar eftir ákvörðun stefnanda, og verða þeir því ekki taldir upphafsmenn þeirrar aðferðar, er stefnandi hefur fengið einkarétt á.

Fallast verður á það hjá stefnanda, að bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 16. maí 1935, til hans geti eigi talizt synjun um einkaleyfið, heldur verður að líta þannig á, að ráðuneytið hafi frestað að taka ákvörðun um það, og tímabil það, er liður þar til einkaleyfið er veitt, verður því aðeins talinn dráttur á leyfisveitingunni, sem eigi getur skaðað stefnanda.

Það verður því að líta þannig á, að einkaleyfi það, er stefnandi öðlaðist þann 18. febrúar 1941, veiti honum rétt til endurgjalds, ef aðferð sú er notuð, sem í lýsingunni felst, enda hefur eigi, svo vitað sé, einkaleyfi þetta verið dæmt af honum, sbr. 20. gr. einkaleyfislaganna.

Samkvæmt vottorði múrarameistaranna Korneliusar Sigmundssonar og Sigurðar Jónssonar á réttarskjali nr. 6 þykir nægilega

fram komið, að utanhúðunaraðferð sú, er notuð var við hús aðalstefnds, var hin sama og utanhúðunaraðferð sú, er stefnandi hefur fengið einkaleyfi á, og bera honum því bætur fyrir. Í einkaleyfislögunum verður eigi séð, hvert gjald einkaleyfishafi má taka fyrir notkun þess, og þar sem telja verður, eftir því sem hér liggur fyrir, að honum hafi verið frjálst að ákveða þessa upphæð, þá verður krafa aðalstefnds um lækkun þess eigi tekin til greina, enda of seint fram komin.

Það er fram komið í máli þessu, að hús aðalstefnds var byggt í tímavinnu og greitt fyrir múrvinnu fagkaup. Það verður því eigi séð, að öðrum en aðalstefndum beri að greiða hina umkröfðu skuld, enda verður að fallast á þá skoðun stefnanda, að hafi múr-rameistarinn farið út fyrir umboð sitt, þá sé það mál milli verk-taka og verksala.

Samkvæmt þessu verður að dæma aðalstefndan til að greiða stefnanda hina umstefndu skuld, ásamt vöxtum eins og krafizt er í stefnu, og málskostnað, er nemur eftir framlögðum reikningi kr. 152.35.

Dóm þenna hefur kveðið upp settur lögmaður Kristján Kristjánsson.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu þessa dóms, kemur af önnum þeim, er verið hafa í lögmannsskrifstofunni vegna daglegra afgreiðslustarfa, enda hafa flestir fulltrúarnir verið í burtu úr bænum í sumarleyfum.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, Magnús Guðmundsson, greiði stefnanda, Guðjóni Samúelssyni, kr. 400.00 með 6% ársvöxtum frá 17. sept. 1942 til greiðsludags og kr. 152.35 í málskostnað.

Varastefndur, Jón Eiríksson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðjóns Samúelssonar, í málinu og greiði stefnandi varastefndum kr. 100.00 í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægt innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.